

Símenntunarmiðstöð
Vesturlands
Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Símenntunarmiðstöð Vesturlands er sjálfseignastofnun sem stofnuð var árið 1999. Markmið með starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands er meðal annars að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Símenntunarmiðstöðin á að veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu í samstarfi við m.a. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila.

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmenn – símenntunar og þekkingarmiðstöð.

Árið 2020 var að mörgu leyti frábrugðið síðustu árum, en heimsfaraldurinn hafði áhrif á starfsemina að því leyti að áherslur urðu aðrar en lagt var upp með í starfsáætlun.

Staðnám varð mun minna í sniðum en gert var ráð fyrir, en meira fjarkennt. Það sama á við um náms- og starfsráðgjöf en mun fleiri fjarviðtöl voru tekin en gert var ráð fyrir. Mikil eftirspurn varð eftir raunfærnimati og þjónustu náms- og starfsráðgjafa og var reynt eftir fremsta megni að mæta þeirri eftirspurn.

Minna varð af fyrirtækjafræðslu en gert var ráð fyrir, s.s. fræðslugreiningar og námskeiðshald í tengslum við þær. Það sama á við um námskeið fyrir fólk með fötlun, en mörgum vinnustöðum var lokað og óviðkomandi bannaður aðgangur vegna Covid.

Með aukinni og breyttri tækni í kennslu og ráðgjöf fjölga tækifærunum hjá Símenntunarmiðstöðinni til að sækja fram og ná til fleiri. Að sama skapi eykst samkeppni fræðsluaðila, sem kallar á aukna þróun og nýsköpun í starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar til að skapa sér forskot.

Áskoranirnar eru því margar en tækifærin eru líka mörg.

Hagnaður varð á rekstri miðstöðvarinnar á árinu 2020 að fjárhæð 5,5 millj. kr. og nemur eigið fé 21,9 millj. kr. í árslok 2020 en þar af er 1,0 millj. kr. óskerðanlegt stofnfé sbr. 2. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar.

Hjá stofnuninni störfuðu 9 starfsmenn í 4,13 ársverkum á árinu 2020 (2019: 6 starfsmenn í 4,67 ársverkum) og laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu 12,4 millj. kr. á árinu (2019: 12,5 millj. kr.).

Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 23. mars 2021.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 23. mars 2021.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur:			
Styrkir	8	106.058.125	88.967.430
Tekjur vegna námskeiða		9.371.107	16.286.263
Aðrar tekjur	9	316.360	1.919.854
		<u>115.745.592</u>	<u>107.173.547</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	10	49.198.843	53.641.737
Námskeiðskostnaður	11	19.773.997	23.902.284
Annar rekstrarkostnaður	12	41.571.996	30.867.092
Afskriftir	3,13	171.670	115.541
		<u>110.716.506</u>	<u>108.526.654</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármagnsliði		5.029.086	(1.353.107)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármunatekjur		582.087	1.062.640
Fjármagnsgjöld		(142.141)	(295.362)
		<u>439.946</u>	<u>767.278</u>
Hagnaður (tap) ársins	15	<u>5.469.032</u>	<u>(585.829)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Fastafjármunir:			
Áhöld og tæki.....		129.883	301.553
Fastafjármunir alls	3,13	129.883	301.553
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur	4,14	1.564.497	1.372.627
Aðrar skammtímakröfur		182.545	3.102.361
Verðbréfaeign.....	5	4.338.972	4.109.421
Handbært fé.....	6	26.348.584	21.084.091
Veltufjármunir alls		32.434.598	29.668.500
Eignir samtals		32.564.481	29.970.053
Eigið fé:			
Bundið eigið fé:			
Stofnfé		1.000.000	1.000.000
Frjálst eigið fé:			
Óráðstafað samkvæmt skipulagsskrá		20.924.719	15.455.687
Eigið fé samtals	15	21.924.719	16.455.687
Skammtímaskuldir:			
Fyrirframinnheimtar tekjur		3.722.800	3.514.250
Viðskiptaskuldir.....		1.956.641	2.488.528
Aðrar skammtímaskuldir		4.960.321	7.511.588
		10.639.762	13.514.366
Skuldir samtals		10.639.762	13.514.366
Eigið fé og skuldir samtals		32.564.481	29.970.053

Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi	15	5.469.032 (585.829)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	13	171.670	115.541
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>5.640.702</u>	<u>(470.288)</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		2.498.395 (1.004.739)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(2.874.604)	463.327
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(376.209)</u>	<u>(541.412)</u>
Handbært fé frá (til) rekstri		<u>5.264.493</u>	<u>(1.011.700)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		<u>5.264.493</u>	<u>(1.011.700)</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>21.084.091</u>	<u>22.095.791</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>26.348.584</u></u>	<u><u>21.084.091</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningur Símenntunarmiðstöðvarinnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Innlausn tekna

2. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af sölu námskeiða og styrkir eru færðir í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Styrkir sérverkefna sem ekki er lokið í árslok eru færðir sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi í samræmi við stöðu verkefnis.

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími áhalda og tækja er 5 ár.

Óinnheimtar tekjur

4. Skammtímakröfur í árslok 2020 eru færðar niður um 0,2 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum tekjum í árslok í efnahagsreikningi.

Verðbréfaeign

5. Símenntunarmiðstöð Vesturlands hefur fjárfest í verðbréfum til skammtímaásvöxtunar og eru þau færð sem sérstakur liður, verðbréfaeign, meðal veltufjármuna. Á reikningsskiladegi eru verðbréfin færð í markaðsvirði.

Handbært fé

6. Til handbærs fjár teljast bankainnistæður.

Áunnið orlof

7. Áfallið orlof er reiknað og fært í rekstrar- og efnahagsreikning og nemur skuldbindingin 3,7 millj. kr. í árslok 2020.

Sundurliðanir

8. Styrkir	2020	2019
Styrkur frá ríkissjóði	23.000.000	22.800.000
Styrkur frá ríkissjóði - viðbótarsamningur v/framhaldsfræðslu	11.700.000	6.083.538
Styrkir vegna þróunar í íslenskukennslu	850.000	850.000
Styrkur vegna erlendra verkefna	24.383.997	13.379.174
Styrkur vegna Fjölmenn	2.250.000	4.500.000
Styrkur vegna náms- og starfsráðgjafar	11.292.200	6.715.000
Styrkur vegna vottaðra námsleiða FA	12.702.000	24.980.000
Styrkur vegna raunfærnimats	14.536.000	4.438.000
Styrkur vegna íslensku fyrir útlendinga	3.230.000	3.175.000
Styrkur vegna FS-NET	321.630	464.186
Umsýsla vegna fjarnema	916.000	477.000
Endurgreiddur akstur	712.048	127.050
Endurgreiddir styrkir	0	(497.800)
Fyrirframinnheimtir styrkir, breyting á árinu	164.250	1.476.282
	<u>106.058.125</u>	<u>88.967.430</u>

Skýringar, frh.:

	2020	2019
9. Aðrar tekjur		
Fræðslustjóri að láni	316.360	1.919.854
	316.360	1.919.854
10. Laun og launatengd gjöld		
Laun	39.976.624	41.427.476
Stjórnarlaun	757.824	420.440
Áfallið orlof, breyting	(543.229)	934.230
Ökutækjastyrkur	374.722	1.233.430
Tryggingagjald	2.956.803	3.212.999
Lífeyrissjóðsframlag	5.454.742	5.600.357
Önnur sjóðagjöld	1.513.724	1.534.056
Endurgreiðsla frá Vinnumálastofnun	(1.292.367)	(721.251)
	49.198.843	53.641.737
Ársverk	4,13	4,67
11. Námskeiðskostnaður		
Aðkeypt þjónusta	18.348.547	21.510.253
Húsaleiga og aðstöðukostnaður	0	276.495
Námsefni	339.055	910.501
Fjarfundakostnaður	464.576	712.155
Annar kostnaður	621.819	492.880
	19.773.997	23.902.284
12. Annar rekstrarkostnaður		
Greiðslur vegna innlendra og erlendra samstarfsverkefna	19.846.779	12.109.134
Tölvuþjónusta og hugbúnaður	1.814.700	2.081.442
Dagpeningar	72.757	127.280
Húsnæðiskostnaður	7.289.521	6.836.961
Áskriftir og félagsgjöld	374.989	342.555
Ýmis aðkeypt þjónusta	5.357.556	3.734.541
Gjaldfærð áhöld og tæki, viðhald áhalda	1.868.728	378.407
Sími og póstburðargjöld	747.350	748.647
Prentun, pappír, ritföng, skrifstofuvörur og tryggingar	606.944	495.989
Ferðakostnaður	10.201	1.494.381
Auglýsingar	586.710	679.277
Rekstur bifreiðar, leiga bifreiða	1.273.026	1.280.168
Ráðstefnur, endurmenntun, námskeið og veitingar	855.155	603.013
Kaffistofa	332.249	371.810
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur, breyting	408.350	(58.632)
Annar kostnaður	338.458	5.185
Endurgreiddur kostnaður	(211.477)	(363.066)
	41.571.996	30.867.092

Skýringar, frh.:

13. **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki
Heildarverð 1.1.2019	1.747.506
Heildarverð 31.12.2019	1.747.506
Heildarverð 31.12.2020	1.747.506
Afskrifað samtals 1.1.2019	1.330.412
Afskriftir ársins	115.541
Afskrifað samtals 31.12.2019	1.445.953
Afskriftir ársins	171.670
Afskrifað samtals 31.12.2020	1.617.623
Bókfært verð 31.12.2019	301.553
Bókfært verð 31.12.2020	129.883

Skammtímakröfur

14. Niðurfærsla skammtímakrafna	2020	2019
Niðurfærsla í ársbyrjun	239.959	1.154.367
Tapaðar kröfur	(207.382)	(855.776)
Breyting á niðurfærslu á árinu	408.350	(58.632)
Niðurfærsla í árslok	440.927	239.959

Eigið fé

15. Yfirlit um breytingu á eigin fé:

Bundið eigið fé:	2020	2019
Flutt frá fyrra ári	1.000.000	1.000.000
	1.000.000	1.000.000
Frjálst eigið fé:		
Flutt frá fyrra ári	15.455.687	16.041.516
Hagnaður ársins	5.469.032	(585.829)
	20.924.719	15.455.687
Eigið fé 31.12	21.924.719	16.455.687

Skýringar, frh.:

16. Leigusamningar

Símenntunarmiðstöðin (SMV) leigir kennslu- og skrifstofuhúsnæði og þá var einnig á leigu bifreið á árunum 2019 og 2020. Leigusamningar SMV flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningar vegna húsnæðisins eru ótímabundnir og eru þeir uppsegjanlegir með 2ja, 3ja og 6 mánaða fyrirvara. Leigusamningarnir eru verðtryggðir og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs. Leigusamningur vegna bifreiðar er að jafnaði til 2ja ára í senn og er hann óverðtryggður.

Rekstrarleigugjöld námu 6.287,2 þús. kr. á árinu 2020 (2019: 6.175,9 þús. kr.). Þau eru færð í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu ár.

	2020
Leigugreiðslur árið 2021	7.114.188
Leigugreiðslur árið 2022	4.691.052
Leigugreiðslur árið 2023	4.691.052
Leigugreiðslur árið 2024	4.691.052
Leigugreiðslur árið 2025	4.691.052
	<hr/> <u>25.878.396</u>